

# Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 5. mars 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 37/148

## Mætt

Fundarstjóri	Halldóra Mogensen (HM)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson (HHG) Jón Þór Ólafsson (JÞÓ) Smári McCarthy (SMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)

Forföll Eiríkur Rafn Rafnsson boðaði fjarveru

Aðrir fundargestir Rúnar Björn Herrera Þorkelsson fyrir hönd Pírata í Reykjavík (áheyrnarfulltrúi)

## Fundargerð

### 1. Þingstörfin framundan

Mánudagur 5. mars

ÞSÆ hyggst ræða við forsætisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum um traust á dómstólum. Til vara hyggst BLG ræða við umhverfisráðherra út af landvörðum. ÞSÆ og JÞÓ taka þátt í sérstakri umræðu um skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi.

Þriðjudagur 6. mars

SMC og HHG taka þátt í sérstakri umræðu um Arion banka.

Þingvakt skipulögð.

### 2. Bréf þingflokksformanns

HHG brífaði þingmenn um fund þingflokksformanna með forseta um dagskrá vikunnar. Einnig var rætt um fjölda fyrirspurna frá þingmönnum.

Ákveðið að BKM útbúi minnisblað um vinnureglur um trúnaðargögn í nefndum.

Bréf frá ÞSÆ um fund með stjórnarandstöðu. Efni fundarins bundið trúnaði samkvæmt 4. gr. þingflokksamþykktar um upplýsingaskyldu við grasrót.

### 3. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum.

#### **4. Afstaða þingflokks Pírata í kjölfar svars Umboðsmanns Alþingis til SEN**

Umræðu lokið undir 2. lið.

#### **5. Önnur mál**

Engin önnur mál